

Minnisblað

Dagsetning: 10. nóvember 2020
Viðtakandi: Rannveig Anna Guicharnaud, Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2020. Verkefni 10 - Goðafoss og Aldeyjarfoss: Jarðvegur og gróður við Goðafoss og úttekt við Aldeyjarfoss.

Goðafoss í Skjálfandafljóti var friðlýstur sem náttúruvætti 11. júní 2020. Meginmarkmið með friðlýsingu svæðisins er að vernda sérstæðar náttúruminjar, breytileika jarðmyndana og fossinn sjálfan, m.a. með því að viðhalda náttúrulegu vatnsrennsli í fossinn, vegna fegurðar og sérkenna og útivistargildis svæðisins¹. Mikil umferð ferðamanna er við Goðafoss, allt árið um kring en árið 2019 var talið að rúmlega 300 þús gestir hefðu komið að fossinum².

Aldeyjarfoss ásamt Ingvararfossi og Hrafnabjargafossi í Skjálfandafljóti eru á náttúruminjaskrá vegna sérkennilegra og fagurra fossa nálægt fjölfarinni leið³. Þá hefur Náttúrufræðistofnun Íslands lagt til að Skjálfandafljót ofan Aldeyjarfoss verði setta á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár vegna fugla⁴. Aðkoma að Aldeyjarfossi er við upphaf Sprengisandsleiðar innst í Bárðardal og áður fyrr var umferð ferðamanna að fossinum að miklu leyti bundin við umferð um Sprengisand. Nú er hinsvegar talsvert um að gestir geri sér ferð inn Bárðardal til að bera fossinn augum og hefur umferð að honum aukist mikið undanfarin ár.

Framkvæmd 2020

Vettvangsvinna fór fram 8. september 2020 og var hún unnin af Aðalsteini Erni Snæþórssyni og Sigþrúði Stellu Jóhanndóttur. Þar var:

- Forkönnun gerð á ástandi göngustígs og umhverfi hans við Aldeyjarfoss.
- Hluti svæðisins við Aldeyjarfoss myndaður með flygildi samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferli.
- Rannsóknasvæðið við Goðafoss myndað með flygildi samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferli.
- Forkönnun gerð á ástandi göngustíga og umhverfi þeirra við Goðafoss. Norðan fossins var svæðinu skipt upp í sex svæði/álagssvæði við skráningu og mun sú skipting einnig nýtast við úrvinnslu. Breidd og ástand nokkurra stíga og hentistíga var metin samhliða skráningu.
- Ljósmyndir teknar, hnitsettar og skráðar. Hluti þeirra nýtist við áframhaldandi myndvöktun.

Ekki hafði verið gert ráð fyrir myndatöku með flygildi við Aldeyjarfoss en á staðnum var ákveðið að nota tækifærið og mynda þann hluta svæðisins sem er undir mestu álagi.

¹ Umhverfisstofnun 2020. Sótt 19. október 2020 af <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/nordurland-eystra/godafoss-i-thingeyjarsveit/>

² Davíð Ö. Hansson 2020. Tölvupóstur 28. október 2020.

³ Umhverfisstofnun ártal vantar. Sótt 19. október 2020 af <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/nordasturland/>

⁴ Náttúrufræðistofnun Íslands ártal vantar. Sótt 19. Október 2020 af <https://www.ni.is/midlun/natturuminjaskra>



Mjög góðar og lýsandi loftmyndir náðust með flygildi við Goðafoss og verða þær bornar saman við niðurstöður úr vettvangsathugun. Með því er vonast til að í framhaldinu verði hægt að styðjast að miklu leyti við myndgögn úr flygildi til að vakta áhrif ferðamanna á gróður- og jarðvegseyðingu við Goðafoss ásamt myndvöktun á völdum stöðum.

Frumgögnum; eyðublöðum, GPS skrám og myndgögnum hefur verið skilað inn til Náttúrufræðistofnunar en það á eftir bæta skráningu við einstakar myndir. Eftir er að vinna úr myndkortum og landlíkönum. Áfram verður unnið í verkefninu í vetur.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Nýtt deiliskipulag fyrir svæðið við Goðafoss var samþykkt árið 2015⁵ en mikil endurskipulagning og innviðauppbýgging hefur átt sér þar stað undanfarin ár og er svæðið beggja vegna árinna orðið mjög manngert. Búið er að gera nýtt og stórt bílastæði fjær fossinum að norðan (í Hrútey) og breyta síðasta hluta vegar að eldra bílastæði í göngustíg. Jarðvegur og gróðurtorfur úr nýju bílastæði hafa verið settar í stóran hluta eldra bílastæðis en aðgerðir til endurheimtar gróðri ná einnig yfir stærra svæði norðan við fossinn. Þar er búið að afmarka breiða göngustíga, gera útsýnispalla, setja áningbekki og leggja gróðurtorfur. Lítið hefur hinsvegar verið gert á álagssvæðinu sem er næst Goðafossi að norðan. Þar eru nokkrir samsíða hliðarstígar meðfram aðalstíg og víða liggja hentistígar af þeim og niður að á. Þar á sér bæði stað gróður- og jarðvegseyðing. Milli eldra bílastæðis og árinna er einnig gamalt álagssvæði þar sem gróðurþekja er mjög rofin og jarðvegseyðing hefur átt sér stað. Ef það á að jafna sig þyrfti að girða það af. Fjær fossinum er búið að girða af svæði við ána þar sem liggja margir eldri hentistígar.

Gróðurfar svæðisins einkennist af fjalldrapa- og lyngmóa með fléttum og mosum á grónum og hálfgrónum hraunkollum. Stöku víðibrúskar eru í móanum, gulvíðir og loðvíðir. Sauðfjárbætt er á svæðinu og halda kindurnar sumum hentistígum við. Graslendi er í köntum bílastæðis og gras (bugðupunktur) er áberandi á endurheimtarsvæði norðan við fossinn. Á sumum álagssvæðum hefur gras aukist á kostnað lynggróðurs og mosa. Neðan við fossinn mátti sjá nokkrar lúpínuplöntur á árbökkum en lúpína dreifist niður með Skjálfandaflijóti og má víða sjá hana á eyrum og árbökkum meðfram fljótinu⁶. Það verður fróðlegt að fylgjast með hvernig endurheimt gróðurs á svæðinu tekst til og hvort gróðurþekja í lokuðum hentistígum nái að jafna sig.

Sunnan við Goðafoss er einnig bílastæði og þar liggja breiðir og afmarkaðir stígar meðfram ánni, langleiðina að fossinum. Mikið gras er meðfram stígum að sunnanverðu og mátti þar sjá tegundir eins og húsapunt, vallarfoxgras og snarrótarpunt sem stinga í stúf við fjalldrapa- og lyngmóann í kring. Þessar tegundir hafa líklega borist með gróðurþökum eða sáningu meðfram stígum. Hentistígar eru einnig sunnan við ána og liggja þá gjarnan frá aðalstíg og niður að gljúfrinu. Við afgirtan útsýnisstað er álagssvæði með gróðureyðingu, líklega tilkomið vegna myndatöku gesta sem ekki virða kaðlagirðingar til að ná góðum myndum.

Nýju skipulagi og innviðauppbýggingu fylgja einnig nýjar áskoranir. Norðan við fossinn er stutt á milli göngustíga og mátti á stöku stað sjá nýja hentistíga þar sem gestir hafa verið að styttu sér leið milli göngustíga. Einnig voru merki um að ný álagssvæði væru að myndast, t.d. á endurheimtarsvæði. Ekkert salerni er við bílastæðin og mátti sjá ummerki um að gestir nýti náttúruna á svæðinu til þeirra hluta fremur en að fara á salerni sem eru á veitingastaðnum Fosshóli. Fáar merkingar og leiðbeiningar eru á svæðinu við Goðafoss en það mun væntanlega breytast nú eftir að svæðið hefur verið friðlýst.

⁵ Þingeyjarsveit 2016. Sótt 29. október 2020 af

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/stjornsysla/skipulagsmal/deiliskipulag/stadfest-deiliskipulag>

⁶ Óbirt gögn og skýrsla Náttúrustofu Norðausturlands um útbreiðslu ágengra tegunda í Þingeyjarsveit 2020.



Á bílastæði við Aldeyjarfoss eru tveir kamrar en haustið 2020 var búið að steypa upp grunn fyrir salernishúsi sem Þingeyjarsveit fékk styrk til að reisa⁷. Frá bílastæðinu liggur ómerktur göngustígur niður brekku að gljúfrunum þar sem fossinn sést greinilega og síðan áfram upp fyrir fossinn. Niður brekkuna liggur göngustígurinn um grýtta mela með minna en 10% gróðurþekju, jarðvegseyðing er víða í stígnum. Fyrir neðan brekkuna kvíslast margir stígar um svæðið. Þar er í fyrstu rofið mólendi með um 50% þekju og hefur verið reynt að girða það af með kaðlagirðingu. Nær gljúfurbarmi eru klappir með mold á milli þar sem gróðurþekja hefur eyðst. Talsvert er um að farið sé niður fyrir gljúfurbarminn, líklega til að ná betri myndum af fossinum og umhverfi hans og eru stígar þar út um allt og mikil gróður- og jarðvegseyðing. Þar er svæðið einnig varasamt. Göngustígur liggur svo áfram upp fyrir fossinn og á nokkrum stöðum eru álagssvæði fram á gljúfurbarm. Talsvert er um gróður- og jarðvegseyðingu út frá göngustígnum en einnig er slit á hrauni þar sem mosar og fléttur hafa eyðst af. Almennt er gróðurþekja mjög rofin á svæðinu, jarðvegur þurr og rofgjarn og svæðið þolir illa álag. Svæðið vantar skipulag, merkingar, leiðbeiningar og aðrar aðgerðir til að sporna við álagi.

Af göngustígnum niður brekkuna sést vel yfir á setstað/hreiðurstað fálka vestar í bjarginu ofan við ána en hann á sér óðal á svæðinu. Eflaust eru fáir sem átta sig á því en þarna er góður staður til að fylgjast með fálkanum. Ekki virðist gengið á bjargbrúninni í átt að hreiðurstaðnum, það er líka varasamt þar sem hún slútir yfir bjargið.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Lagt er til að fylgst verði með álagi á gróður og jarðveg á skilgreindum og afmörkuðum álagssvæðum við Goðafoss og Aldeyjarfoss. Afmörkun rannsóknasvæða og val á vísam til framtíðar þarf að ákveðast með umsjónaraðila svæða og taka mið af mögulegum aðgerðum til að draga úr álagi á svæðin, s.s. með bættu skipulagi, innviðum, merkingum og leiðbeiningum.

Vísar:

- Flatarmál gróðurs- og jarðvegseyðingar á skilgreindum og afmörkuðum álagssvæðum við Goðafoss og Aldeyjarfoss.
- Lengd, breidd og ástandsflokkun hentistíga á skilgreindu og afmörkuðu svæði við Goðafoss
- Gróðurþekja – fylgjast með gróðurframvindu á endurheimtarsvæði norðan við Goðafoss og meðfram stígum sunnan við hann (þar sem grasþekja er mikil).

Aðferðir:

- Ljósmyndun með flygildi við Goðafoss og Aldeyjarfoss.
- Endurtekin ljósmyndun við Goðafoss og Aldeyjarfoss.
- Gróðurþekja- gróðursnið við Goðafoss skv. aðferð 1b?

Vinnuframlag og ferðakostnaður Náttúrustofunnar

Tímabil	Vinnutímar			
	Gagnasöfnun	Umsjón og úrvinnsla	Fæðispeningar/kr	Akstur/kr
1.júní – 10. nóvember 2020	21	23	12400	18315
Alls	21	23	12400	18315

⁷ Stjórnarráð Íslands 2020. Sótt 20. október 2020 af

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=c54f52e2-61fd-11ea-945f-005056bc4d74>